

33. stjórnarfundur Alnæmisbarna, 13. febrúar 2006

Haldinn mánudaginn 13. febrúar 2005 í skrifstofuhúsnæði Alþingis í Austurstræti.

Mætt: Helga Tulinius, Hildur Gestsdóttir, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Gunnlaugur og Bjarni Reykr Kristjánsson sem ritaði fundargerð.

MA nemi

Sigríður Baldursdóttir, MA er búinn að kaupa sér mið a út og er að hugsa um að fara út frá miðjum mars (12. mars) fram í miðjan Apríl. Rósette var ánægð með að heyra um þessa heimsókn og ætlar að finna húsnæði fyrir hana. Verkefni hennar er að skoða CLF-verkefnið. Þetta er ekki lokaverkefni hennar í skólanum en þetta er einhvers konar vettvangskúrs. Næst þegar hún kemur til landsins ætlar hún að hitta okkur og segja frá. Kannski á félagsfundum.

Umfjöllun um Alnæmisbörn fyrir aðalfund

SPES samtökin fengu fína umfjöllun í Morgunblaðinu. Sigríður Víðis Jónsdóttir, blaðamaður á Morgunblaðinu, skrifaði þessa grein.

Tala við Kristján Sigurjónsson. Hann hefur áhuga á málinu og gott væri að fá hann til að kynna verkefnið í vikunni fyrir aðalfund og jafnvel að mæta.

Tillögur að nýju fólki í stjórn

Sigurlaug félagsráðgjafi, Ragna Karlsdóttir. Kristín Ástgeirsdóttir, Birna hjá Unifem, Lilja Hjartardóttir,

Barnaheill

Kristín Jónasdóttir hjá Barnaheillum er lasinn og Þórunn hefur ekkert náð í hana undanfarið. Þórunn leggur til að haldinn verði sameiginlegur fundur með báðum stjórnnum. Það þarf að koma ákveðið svar um hvernig málum verður háttað, helst fyrir aðalfund.

Fjáröflun

Skýra framtíðarsýn vatnar í fjáröflunarhópinn. Beðið er eftir því hvað kemur út úr viðræðum við Barnaheill. Á aðalfundi verðum við að hafa skýr svör hvernig þetta fer.

Næsti fundur verður eftir hálfan mánuð

Bjarni Reykr Kristjánsson ritaði fundargerð.